

18. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 20. nóvember kl 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúi, Halla Kari Hjaltested formaður tækninefndar kvenna. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ.

Friðbjörn Möller gjaldkeri, Guðjón Guðmundsson, formaður tækninefndar karla, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl 17.05.

Dagskrá

1. Bréf frá ÍSÍ varðandi lög fimleikasambands Íslands

Stjórn fimleikasambandsins fékk sent bréf frá framkvæmdastjórn ÍSÍ, dagsett 31.október 2012, er varðar 3.grein laga FSÍ. ÍSÍ hafði áður sent stjórn FSÍ bréf dagsett 15.júní 2012 þar sem tilkynnt var að lög Fimleikasambands Íslands höfðu verið samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 31.maí með fyrirvara um lagfæringu á 17.grein á næsta þingi fimleikasambandsins. Framkvæmdastjórn ÍSÍ gerir, með bréfinu dagsettu 31.október, athugasemd við breytingu sem gerð var á 3.grein laga FSÍ á þingi „...stunda almenna leikfimi inann raða ÍSÍ...“ og telur að hún stangist á við skipulag íþróttahreyfingarinnar. Stjórn fimleikasambandsins leggur til að laganefnd FSÍ fjalli um bréfið frá ÍSÍ og komi með tillögur að svari við því.

Málið rætt

Tillaga stjórnar samþykkt og framkvæmdastjóra er falið að senda laganefnd FSÍ erindi þess efnis.

2. Umsóknir um starf sviðsstjóra landsliðsmála

Þann 10.nóvember síðastliðinn var auglýst í fjölmiðlum starf sviðsstjóra landsliðsmála, jafnframt var tilkynning um starfið sent öllum aðildarfélögum, tækninefndum og yfirþjálfurum félaga. Stjórn FSÍ bærust nokkrar umsóknir um starfið. Eftir að hafa farið yfir innkomnar umsóknir þá hefur stjórn fimleikasambandsins metið einn umsækjanda hæfastan í starfið þar sem viðkomandi uppfyllir vel þau skilyrði sem óskað er eftir varðandi starfið. Stjórn FSÍ leggur til Sólveig Jónsdóttir verði ráðin í starf sviðsstjóra landsliðsmála.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir að Sólveig Jónsdóttir verði ráðinn sem sviðsstjóra landsliðsmála FSÍ.

Það er einlæg trú stjórnar FSÍ að sviðstjóri muni geta stýrt verkefnavali fyrir landslið og afreksstefnu FSÍ með mun heildstæðari, hagkvæmari og skilvirkari hætti en áður hefur verið hægt. Þetta er stórt framfaraskref fyrir fimleikahreyfinguna og FSÍ. Sviðstjóri mun leysa af hólmi þá gríðarlegu og fórnfúsu vinnu sjálfböðaliða í tækninefndum og vill stjórn FSÍ nota hér tækifærið og

Þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem hafa komið að landsliðsmálum á undanförunum árum fyrir ómælda vinnu, elju og dugnað sem hefur skilað sér út í hreyfinguna í heild sinni. Jafnframt óskar stjórn FSÍ eftir áframhaldandi samvinnu og aðstoð við verkefni sem framundan eru og stuðning við sviðstjóra landsliðsmála.

3. Erindi frá THF varðandi endurskoðun á reglum í almennum fimleikum

Stjórn FSÍ barst erindi frá tækninefnd í hóp fimleikum þar sem lagt er til breytingar á keppnisstiga FSÍ í almennum fimleikum í ljósi þeirra reynslu sem nýliðið Íslandsmeistaramót. Stjórn fimleikasambandsins leggur til að THF fjalli um framlagðar breytingartillögur og leggi fyrir næsta stjórnarfund breyttan keppnisstiga FSÍ í almennum fimleikum.

Málið rætt

Tillaga stjórnar FSÍ samþykkt, framkvæmdastjóra er falið að óska eftir því við THF að endurskoða keppnisstiga FSÍ í almennun fimleikum með tilgreindum breytingartillögum til hliðsjónar.

4. Tilnefningar fyrir smáþjóðaleika 2013

Á 17. fundi stjórnar FSÍ var samþykkt að fela framkvæmdastjóra að senda tækninefndum karla og kvenna upplýsingar um smáþjóðaleikana og óska eftir tilnefningum varðandi fjölda keppenda. Jafnframt var samþykkt að fela sviðstjóra landsliðsmála frekari úrvinnslu landsliðsverkefna sem framundan eru og horfa sérstaklega á tímafresti og aðra þá þætti sem hafa áhrif á verkefnastöðu FSÍ. TK og TKV hafa brugðist við ósk framkvæmdarstjóra og sent inn hugsanlegan fjölda keppenda á smáþjóðaleika 2013 sem haldnir verða í Luxemborg 27.maí til 1.júní 2013. Stjórn FSÍ leggur til að sviðstjóri landsliða í samvinnu við framkvæmdarstjóra og tækninefndir viðkomandi keppnisgreina skil inn tillögum til stjórnar FSÍ um væntanleg mót, fjölda keppenda, nöfn keppenda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skilyrði mótshaldara fyrir tilskilin tímafrest.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir að eitt af fyrstu verkum sviðstjóra landsliða sé að kortleggja landsliðsverkefni sem fram undan eru og leggja fyrir stjórn FSÍ. Fjölda keppenda, þjálfara, dómara og fararstjóra.

5. Dómaranefnd FSÍ, erindisbréf

Á 15.fundi stjórnar, 2.október 2012, var ákveðið að senda tækninefndum erindi um dómaranefnd til umsagnar. TK, TKV, THF hafa öll sent inn umsagnir og voru þær allar á jákvæðum nótum um ágæti þess að stofna dómaranefnd FSÍ. Stjórn FSÍ leggur til að stofnaður verði starfshópur um endurskoðun á dómarafyrirkomulagi FSÍ. Helstu hlutverk hópsins eru;

- Að móta tillögu um Dómaranefnd FSÍ.
- Að skilgreina hlutverk dómaranefndar, skyldur hennar og ábyrgð.
- Að lista upp helstu verkefni dómaranefndar.

- Að útbúa drög að hæfniskröfum meðlima dómarnefndar.
- Að skilgreina fjölda meðlima í dómarnefndinni og fjölda varamanna.

Fulltrúar í starfshópi verða

- Fulltrúi stjórnar FSÍ,
- 2. Fulltrúar TK,
- 2. Fulltrúar TKV,
- 2. fulltrúar THF,

Starfstími nefndarinnar verður desember 2012 til janúar 2013 og starfshópurinn skal skila inn tillögum til stjórnar FSÍ eigi síðar en 1.febrúar 2013.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir erindisbréfið. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir tilnefningum frá tækninefndum og boða fyrsta fund starfshópsins.

Til kynningar

1. fundargerð TKV 14.ágúst
2. fundargerð TKV 3.september
3. boð á EM áhaldafimleika og tímamörk

Fundi slitið kl.17:55.